



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

2. árg. 12. tölublað. Desember 2008.

EFNI:

Fóstureyðingar
á Norðurlöndum
árið 2006 **bls. 1**

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Matthías Halldórsson
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

FÓSTUREYÐINGAR Á NORÐURLÖNDUM ÁRIÐ 2006

Í nýútkomnu riti Norræna heilbrigðistölfraeðiráðsins (NOMESCO), *Health Statistics in the Nordic Countries*, er að finna samanburð á fjölda fóstureyðinga á Norðurlöndunum árið 2006. Fjöldi fóstureyðinga á hverja 1.000 lifandi fædda sýnir að töluverður munur er á milli Norðurlandanna hvað þetta varðar. Grænland sker sig talsvert úr, en þar eru framkvæmdar hlutfallslega flestar fóstureyðingar, 1.030 á hverja 1.000 lifandi fædda. Á Íslandi hins vegar eru framkvæmdar 205 fóstureyðingar á hverja 1.000 lifandi fædda sem er meira en í Finnlandi og Færeyjum en heldur minna en í Danmörku, Álandseyjum, Noregi, Svíþjóð og á Grænlandi eins og áður hefur verið nefnt.

Þá vekur það einnig athygli að fóstureyðingar eru algengastar á öllum Norðurlandanna hjá konum á aldrinum 20–24 ára. Hins vegar gangast hlutfallslega færstar konur í elsta aldurshópnum, 45–49 ára, undir fóstureyðingu. Öll Norðurlöndin eiga þetta sammerkt.

Í flestum hinna norrænu landa hafa fóstureyðingar verið löglegar síðan á miðjum áttunda áratugnum. Nokkuð er þó mismunandi hvaða skilyrði þurfa að liggja til grundvallar áður en slík aðgerð er framkvæmd. Þannig er í Svíþjóð heimilt að fara í fóstureyðingu fram að 19. viku meðgöngu en á hinum Norðurlöndunum er miðað við að slíkar aðgerðir skuli ekki framkvæmdar eftir 12 vikna meðgöngu. Fóstureyðingar eru þó heimilaðar af læknisfræðilegum ástæðum eftir 12–18 vikna meðgöngu og þá í kjölfar álits sérfræðinga. Í Danmörku, Grænlandi, Noregi og Svíþjóð geta þungaðar konur ákveðið að fara í fóstureyðingu upp á eigin spýtur, en í Færeyjum, Finnlandi, Álandseyjum og á Íslandi verður að liggja fyrir rökstudd greinargerð læknis og/eða félagsráðgjafa áður en aðgerð er framkvæmd.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Fóstureyðingar á Norðurlöndum 2006

	Fjöldi fóstureyðinga	Fóstureyðingar á 1.000 konur eftir aldri							Fóstureyðingar á 1.000 lifandi fædda
		15-19	20-24	25-29	30-34	35-39	40-44	45-49	
Danmörk	15.529	16,7	22,5	18,2	16,1	12,5	5,6	0,5	242,1
Færeyjar	41	4,3	5,8	1,7	5,7	5,0	4,9	0,0	61,0
Grænland	867	89,0	139,1	97,3	50,8	30,6	8,7	1,5	1.029,7
Finnland	10.655	14,0	17,9	12,0	9,8	7,7	3,2	0,2	181,0
Álandseyjar ¹	62	14,8	22,8	18,1	11,3	10,4	3,6	0,4	226,2
Ísland	904	15,7	23,8	19,5	12,0	9,2	3,5	0,5	204,8
Noregur	14.417	16,3	28,0	20,6	15,6	11,0	4,3	0,3	246,3
Svíþjóð	36.045	24,6	33,1	25,2	19,7	15,7	6,9	0,6	340,3

¹⁾ 2002–2006